



Reykjavík, 4. mars 2024
MSS23050177

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Forsetakosningar 2024 - tillaga að kjörstöðum

Óskað er eftir að borgarráð vísi svohljóðandi tillögum vegna forsetakosninga sem haldnar verða 1. júní nk. til afgreiðslu borgarstjórnar:

Lagt er til að kjörstaðir í Reykjavík við forsetakosningar verði þessir:

Árbæjarskóli – 6 kjördeildir	Álftamýrarskóli – 2 kjördeildir
Borgarbókasafn Kringlunni – 2 kjördeildir	Borgaskóli – 4 kjördeildir
Breiðagerðisskóli – 4 kjördeildir	Breiðholtsskóli – 3 kjördeildir
Dalskóli – 2 kjördeildir	Foldaskóli – 6 kjördeildir
Fossvogsskóli – 3 kjördeildir	Frostaskjól – 4 kjördeildir
Höfðatorg – 2 kjördeildir	Hagaskóli – 5 kjördeildir
Hlíðaskóli – 4 kjördeildir	Ingunnarskóli – 4 kjördeildir
Íþróttamiðstöðin Austurbergi – 6 kjördeildir	Kjarvalsstaðir – 4 kjördeildir
Klébergsskóli – 1 kjördeild	Laugalækjarskóli – 5 kjördeildir
Menntaskólinn við Sund/Vogaskóli – 5 kjördeildir	Norðlingaskóli – 2 kjördeildir
Ráðhús Reykjavíkur – 9 kjördeildir	Rimaskóli – 3 kjördeildir
Vesturbæjarskóli – 2 kjördeildir	Ölduselsskóli – 6 kjördeildir

Fyrirvari er gerður um endanlegan fjölda kjördeilda. Einnig er óskað eftir að borgarstjórn samþykki að borgarráði verði heimilt að samþykkja fjölgun kjörstaða ef nauðsynlegt þykir og eftir atvikum fækkun kjördeilda á hverjum stað. Fyrir þessar kosningar er enn lagt til að kjörstöðum í Reykjavík fjölgi. Fjölgun kjörstaða miðar að og er í samræmi við þá stefnumörkun Reykjavíkurborgar að auðvelda kjósendum aðgengi að kjörstöðum sínum og færa þessa þjónustu eins og aðra eins nálægt íbúum og mögulegt er.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:
Tillaga skrifstofu borgarstjórnar að kjörstöðum við forsetakosningar 2024



Minnisblað

Sendandi: Skrifstofa borgarstjórnar

Kjörstaðir - forsetakosningar 2024 - drög

Lagt er til að við forsetakosningar þann 1. júní 2024 verði Reykjavíkurborgskjördæmunum skipt niður á kjörstaði með eftirfarandi hætti:

Álftamýrarskóli 2 kjördeildir	Árbæjarskóli 6 kjördeildir
Borgarbókasafn Kringlunni 2 kjördeildir	Borgaskóli 5 kjördeildir
Breiðagerðisskóli 7 kjördeildir	Breiðholtsskóli 3 kjördeildir
Dalskóli 2 kjördeildir	Foldaskóli 6 kjördeildir
Fossvogsskóli 3 kjördeildir	Frostaskjól 4 kjördeildir
Hagaskóli 5 kjördeildir	Hlíðaskóli 4 kjördeildir
Höfðatorg 2 kjördeildir	Ingunnarskóli 4 kjördeildir
Íþróttamiðstöðin Austurbergi 7 kjördeildir	Kjarvalsstaðir 4 kjördeildir
Klébergsskóli 1 kjördeild	Laugalækjarskóli 5 kjördeildir
Menntaskólinn við Sund 6 kjördeildir	Norðlingaskóli 2 kjördeildir
Ráðhús Reykjavíkur 9 kjördeildir	Rimaskóli 3 kjördeildir
Vesturbæjarskóli 2 kjördeildir	Ölduselsskóli 6 kjördeildir

Tillaga þessi er samhljóma kjörstaðaskiptu við síðustu almennu kosningar í Reykjavík að Fossvogsskóla viðbættum. Eftir úttekt á álagi og landfræðilegri legu kjörhverfa leggur kosningateymi skrifstofu borgarstjórnar til að gerðar verði breytingar á kjörhverfum Breiðagerðisskóla þannig að kjósendur í Breiðagerðisskóla sem búa sunnan Bústaðavegar kjósi nú í nýjum kjörstað í Fossvogsskóla. Einnig er lagt til að kjörstaðurinn Menntaskólinn við Sund verði færður í Vogaskóla, en sú bygging er samtengd fyrri kjörstað og felur breytingin því ekki í sér miklar breytingar. Jafnframt er lagt til að í framhaldinu verði skoðað að gera breytingar á kjörhverfi Ráðhúss Reykjavíkur þannig að kjósendur í Ráðhúsi búsettir austan Njarðargötu og Frakkastígs kjósi nú á nýjum stað í austurhluta þingholts.

Greinargerð með tillögu um breytingu á Breiðgerðisskóla



Breiðagerðisskóli

Breiðagerðisskóli er næst fjölmennasti kjörstaður Reykjavíkur og þjónar nú kjörhverfi sunnan Miklubrautar milli Háaleitisbrautar og Reykjanesbrautar. Á kjörskrá við síðustu kosningar voru þar tæplega 7300 kjósendur.




Samgöngur og aðgengi að Breiðagerðisskóla:

Staðsetning og aðkoma að Breiðagerðisskóla markast af því að kjörstaðurinn er hverfisskóla í rótgrónu íbúðahverfi. Aðkoma að skólanum er þannig mjög þægileg fyrir íbúa í norður hluta kjörhverfisins, sem gróflega má kalla Háaleitis og Bústaðahverfi, þ.e. götur sem enda á -gerði, -garður og -endi auk Sogavegar og Réttarholtsvegar. Sá hluti núverandi hverfis sem býr sunnan bústaðavegar getur átt erfitt með aðgengi að Breiðagerðisskóla komi hann keyrandi, þar sem lítið er um á bílastæðum við skólann og mikil bílaumferð getur skapað vandræði fyrir kjósendur sem búa nálægt skólanum og eru líklegri til að nýta virka ferðamáta.

Kjörhverfi Breiðagerðisskóla fyrir breytingu



Kjörhverfi Breiðagerðisskóla eftir breytingu





Innra skipulag kjörstaðar:

Undanfarnar kosningar hefur verið kosið í vesturálmú Breiðagerðisskóla og bókasafninu. Álman skiptist í efri og neðri hluta og hálfhæð skilur að hlutana. 6 af 7 kjördeildum kjörstaðarins hafa verið í vesturálmunni, í 6 af 8 stofum álmunnar (sjá mynd). Kjósendur þurfa að fara nærri því alla leið inn ganginn og sömu leið til baka með tilheyrandi takmörkunum á umferðaflæði. Fækkun kjósenda á kjörstaðnum mun gera það að verkum að hægt verður að einfalda og draga úr umferð um skólann.



Fossvogsskóli:

Fossvogsskóli verður lítill þriggja kjördeilda kjörstaður sem mun þjóna svæði sunnan Bústaðavegar. Hið nýja kjörhverfi mun vera hið sama og skólahverfi Fossvogsskóla.



Samgöngur og aðgengi að Fossvogsskóla:


Fossvogsskóli er staðsettur neðst í Fossvogsdal í miðju nýja kjörhverfisins. Aðgengi fyrir hjólandi og gangandi er gott allsstaðar að úr hverfinu. Aðkoma fyrir þá sem kjósa að koma akandi er góð. Þó þolir bílastæðið og eini vegurinn sem liggur að skólanum, Haðaland, ekki mikið álag. Aðgengi fyrir aðföng og starfsfólk er gott.



Reykjavíkurborg

Innra skipulag kjörstaðar:

Lagt er til að kjördeildunum verði komið fyrir í vesturluta skólans, nefnt Vesturland eins og meðfylgjandi mynd sýnir.



Virðingarfyllt,
Bjarni Þóroddsson
Skrifstofa borgarstjórnar